

128. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn mánudaginn 4. apríl kl. 15:00

Fundargerð

Fundurinn var haldinn í Miklagarði á Vopnafirði

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson, Hildur Þórisdóttir og Gauti Jóhannesson, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Práinn Lárusson.

Sæunn Stefánsdóttir boðaði forföll.

Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Urður Gunnarsdóttir sem skrifaði fundargerð

1. Fundargerð 127. fundar stjórnar

Fundargerðin var samþykkt og verður undirrituð rafrænt.

2. Ársfundardagurinn

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi skipulag ársfundar Austurbrúar og hátíðarfundar í tilefni af 10 ára afmælis Austurbrúar.

3. Háskólamálin

Framkvæmdastjóri og formaður fóru yfir stöðu mála í undirbúningi fyrir haustið varðandi samstarf við háskólana sem og ráðuneyti háskólamála.

4. Flugvallaverkefnið

Framkvæmdastjóri kynnti næstu skref í flugvallaverkefninu og samtöl í tengslum við beint millilandaflug til Egilsstaðaflugvallar.

5. Önnur mál

Farið var með fulltrúum Vopnafjarðarhrepps og skoðaður var gamli Fiskimarkaðurinn á Vopnafirði en sveitarfélagið hefur áhuga að starfsemi komi í það hús sem m.a. gætu verið gestavinnustofur fyrir listamenn. Þá var rætt við eigendur einu matvöruverslunarinnar á staðnum, Kaupþúns, um rekstrarumhverfi verslunar í jaðarbyggð sem grunnstoðar í samfélaginu.

Ekki fleiri mál fundi slitið kl 16:30